



## Efni – innihald

- Eru gefnar nægar upplýsingar í textanum eða er eitthvað sem þér finnst vanta ?
- Koma fram nauðsynlegar upplýsingar um persónurnar, hvar og hvenær atburðurinn gerðist?
- Er persónunum og umhverfinu það vel lýst að þú getir í huganum upplifað frásögnina (séð fyrir þér atburðinn og umhverfið)?
- Er frásögnin skýr eða er eitthvað sem ruglar þig?
- Er atburðarásin eðlileg?
- Finnst þér textinn vera skrifaður fyrir þig?
- Er ris í textanum (skemmtileg atburðarás með vaxandi spennu)?
- Eru í frásögninni setningar sem koma ekki frásögninni við og er því hægt að strika út?
- Er of mikið af smáatriðum í textanum þannig að söguþráðurinn týnist?
- Fjallar frásögnin um fleira en eitt efni? Væri betra að skipta textanum í fleiri en eina sögu?
- Er þetta „upptalningarfrásögn“, svipað og dagbókarfærsla (fyrst gerði ég þetta svo fór ég út og hittu hann svo fórum við og svo gerðum við þetta)?
- Eru of mörg samtöl í frásögninni?
- Er of mikið af útskýringum í frásögninni?

## Upphaf – endir

- Passar nafnið við efnið og er það áhugavert?
- Grípur byrjun frásagnar lesandann?
- Fær lesandinn strax í inngangi frásagnar hugmynd um megininntak hennar?
- Er inngangur/byrjun of löng eða of stutt?
- Vekur endirinn upp vangaveltur hjá lesandanum?
- Er endirinn of stuttur eða of langur?
- Er endirinn endaleysa?



### Málnotkun, stafsetning, frágangur

- Er eitthvað sagt oftar en einu sinni?
- Eru sum orð notuð of oft (t.d. sagði og síðan)?
- Er sögumaðurinn alltaf sá sami?
- Er frásögnin alltaf í sömu tíð ( nútíð – þátíð)?
- Eru einhverjar setningar of langar eða of stuttar?
- Eru greinaskil notuð eðlilega?
- Er málfar frásagnarinnar rétt?
- Eru stafsetning og greinarmerki eins og reglur segja til um?
- Er myndanotkun textanum til framdráttar?
- Er frágangur og skrift í lagi?
- Vekur forsíðan forvitni og áhuga lesandans?